



FRÉTTATILKYNNING

EFTA-ríkin og Serbía undirrita fríverslunarsamning

Genf – 17. desember 2009 – Ráðherrar aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) – Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss – og Serbíu undirrituðu í dag fríverslunarsamning. Samningurinn er til þess fallinn að styrkja efnahagstengsl EFTA-ríkjanna og Serbíu.

Grundvöllur að nánari viðskiptatengslum EFTA-ríkjanna og Serbíu var lagður með sameiginlegri yfirlýsingu um samstarf sem var undirrituð árið 2000. Samningaviðræður hófust í apríl árið 2009 og þeim lauk í Belgrað í júlí sama ár. Fyrir hönd EFTA undirrituðu fríverslunarsamninginn Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtensteins, nú í forsæti EFTA, Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra Íslands, Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, Doris Leuthard, sambandsráðherra og yfirmaður efnahagsráðuneytis Sviss. Fyrir hönd Serbíu undirritaði samninginn Mladen Dinkić, efnahags- og byggðapróunarráðherra Serbíu.

Í fríverslunarsamningnum er sérstök áhersla lögð á afnám hafta á vöruviðskipti. EFTA-ríkin munu fella niður alla tolla á serbneskum iðnaðarvörum, m.a. fiski og öðrum sjávarafurðum, um leið og samningurinn öðlast gildi. Serbar munu afnema tolla á innflutningi á iðnaðarvörum frá EFTA-ríkjunum í áföngum fyrir lok ársins 2013. Meðal samningsskjala, sem mynda grundvöll fríverslunarsvæðis þessara aðila, eru einnig tvíhliða samningar um landbúnaðarafurðir milli einstakra EFTA-ríkja og Serbíu. Jafnframt eru ákvæði um hugverkavernd, þjónustu og fjárfestingar og opinber innkaup. Sett verður á stofn sameiginleg nefnd til að fylgjast með framkvæmd samningsins og öðlast hann gildi þegar löggjafarþing allra samningsaðila hafa samþykkt hann.

Árið 2008 námu heildarvöruviðskipti milli EFTA-ríkjanna og Serbíu 338 milljónum bandaríkjadala. Útflutningur frá EFTA-ríkjunum nam 267 milljónum bandaríkjadala og voru helstu útflutningsvörurnar lyf, vélar og tækjabúnaður, sjóntæki og lækningatæki, klukkur og úr svo og efnavörur. EFTA-ríkin fluttu inn vörur frá Serbíu að fjárhæð 71 milljónar bandaríkjadala, einkum ál og smíðahluti úr áli, vélar og tækjabúnað og aldin og hnetur til átu. Þá hafa fyrir-tæki í EFTA-ríkjunum staðið fyrir verulegum fjárfestingum í bæði þjónustu- og fram-leiðslufyrirtækjum í Serbíu.

Í EFTA-ríkjunum búa alls 12 milljónir manna; ríkin mynda saman níunda stærsta vöruviðskiptaaðila heims og eru umsvifamikil á sviði þjónustuviðskipta og beinnar erlendrar fjárfestingar. Þau hafa nú gert 20 fríverslunarsamninga við alls 29 samstarfsríki utan Evrópusambandsins. Af öllum vöruviðskiptum EFTA-ríkjanna falla 80% undir ívilnandi viðskiptasamninga. (EFTA-4, ESB-27, 29 viðskiptaríki utan Evrópusambandsins).

Upplýsingar gefur:
Elin Bjerkebo

Information and Communication, EFTA Secretariat
+32 2 286 17 19
ebj@efta.int

Upplýsinga má einnig leita á vefsetri EFTA-skrifstofunnar:
www.efta.int
